

Nd.

164. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir fyrri málsgreininni komi:

Heimilt er að stofna deildir, sem hafi sérsamþykktir, innan byggingarfélag, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

2. Við 6. gr. Á eftir 3. tölulið komi nýr töluliður, sem verður 4. töluliður, svo hljóðandi:

4. að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.

3. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:

Byggingarfélögum er þó heimilt að fela sérfróðum mönnum að gera uppdrætti af húsum félagsmanna, og úrskurðar atvinnumálaráðherra þá um uppdrættina og greiðslur úr rikissjóði fyrir þá.